Skóla-akur

Vefrit um skólamál 15. tbl. 9. árg. 12. nóvember 2015

Myndir augnabliksins eru frá Dvergadeild Hulduheima og sýna vettvangsferð á Borgir.

Afmæli Giljaskóla.

Tuttugu ár eru síðan Giljaskóli tók til starfa í húsnæði leikskólans Kiðagils árið 1995. Börnum fjölgaði ört í nýju hverfi en bygging sérstaks skólahúsnæðis drógst á langinn Það var síðan 1. febrúar 1998 sem flutt var úr Kiðagili í fyrsta áfanga nýja skólans. Verkefni þemadaga þessa árs tengjast þessum tímamótum. Haldin verður afmælishátíð föstudaginn 13. nóvember og eru foreldrar boðnir sérstaklega velkomnir í skólann þennan dag. Nemendur hafa skreytt skólann í tilefni afmælisins og búið til glugga- og vegg-skreytingar. Um allt hús má sjá ýmsan fróðleik um skólastarfið. Boðið verður upp á skoðunarferðir í Rjóðrið, en nýlega fengu kennarar og nemendur styrk frá Landsbankanum til að gera betri göngustíga í skóginum okkar. Einnig eru hænur í Miðgarði og þær færa svo sannarlega gleði í hús. Sjón er einfaldlega sögu ríkari og vonast nemendur og kennarar til þess að sem flestir sjái sér fært að heimsækja skólann og gleðjast með þeim af þessu tilefni.
Sjá nánar: http://www.giljaskoli.is/

Tilraunavika á Pálmholti.

Í tilraunaviku gerðu yngstu börnin í efra húsi tilraunir með myndvarpa, bjuggu til mjólkurlistaverk úr mjólk, matarlit og sápu. Einnig var gerð lyftiduftssprengja. Þessi tilraunavika var mjög skemmtileg og tókst vel. Áhuginn er greinilega mjög mikill og hugsanlega leynast þarna vísindamenn framtíðarinnar. Fleiri myndir má skoða á heimasíðu Pálmholts: http://palmholt.is/
Heilmikið fjör á þessum bæ.

Heimsóknir í MA og VMA.

Framhaldsskólarnir tveir á Akureyri bjóða nemendum í 10. bekk í heimsókn til að kynna skólana og þær námsleiðir sem þar eru í boði. Hér má sjá myndir af heimsóknum 10. bekkja Glerár- og Naustaskóla.

Nemendur Naustaskóla röltu á milli staða í Verkmenntaskólanum og fengu kynningu á bæði bóklegu- sem og verklegu námi sem þar fer fram. Svo má sjá 10. bekk Glerárskóla á mynd fyrir utan Menntaskólann og ein myndin er tekin af vef MA.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Nemendur Tónlistarskólans í píanókeppni Íslandsdeildar EPTA.

Sjötta píanókeppni Íslandsdeildar EPTA (Evrópusambands píanókennara) fór fram í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs, dagana 4. til 8. nóvember. Tveir píanónemendur fóru frá Tónlistarskólanum á Akureyri og voru það Björn Helgi Björnsson nemandi Lidiu Kolowsoska og Alexander Smári Kristjánsson Edelstein nemandi Þórarins Stefánssonar. Björn keppti í 1. flokki 14 ára og yngri og Alexander keppti í 2. flokki 18 ára og yngri og fékk hann verðlaun fyrir besta flutning á verki Önnu Þorvaldsdóttur "Segulljós" sem var samið sérstaklega fyrir VI. Píanókeppnina.
EPTA keppnin er ein mikilvægasta og best þekkta keppnin á Íslandi í flutningi klassískrar tónlistar. Víkingur Heiðar Ólafsson pianóleikari vann fyrstu keppni EPTA árið 2000 en hún hefur verið haldin á þriggja ára fresti eftir það. Keppnin er íslenskum píanónemendum hvatning og ögrandi tækifæri til að reyna sig við krefjandi kringumstæður. Keppnin er ætluð píanónemendum 25 ára og yngri og er henni skipt upp í fjóra flokka; Yngsti flokkur 10 ára og yngri, 1. flokkur 14 ára og yngri, 2. flokkur 18 ára og yngri og 3. flokkur 25 ára og yngri.
Í dómnefnd eru ávallt fjórir íslenskir píanóleikarar og einn erlendur, sem er jafnframt formaður. Að þessu sinni leiðir Prof. Stefan Bojsten frá Svíþjóð vinnu dómnefndar. Hann er einn af kunnustu pianistum Svíþjóðar og hefur unnið til fjölda verðlauna í alþjóðlegum pianó- og kammermúsik keppnum. Hann hefur komið fram sem einleikari með flestum hljómsveitum Svíþjóðar og haldið tónleika um alla Skandinavíu, Evrópu, Asíu og Norður Ameríku. Bojsten hefur starfað frá árinu 1997 sem prófessor við Konunglegu tónlistar akademíuna í Stokkhólmi.
Aðrir dómarar keppninnar 2015 eru Halldór Haraldsson, Edda Erlendsdóttir, Kristinn Örn Kristinsson og Valgerður Andrésdóttir.
Verðlaunatónskáldið Anna Þorvaldsdóttir hefur samið nýtt verk fyrir píanókeppni EPTA árið 2015, en íslenskt tónskáld hefur ávallt verið fengið til að semja verk fyrir hverja keppni. Þeir sem það hafa gert eru Þorkell Sigurbjörnsson, Haukur Tómasson, Snorri Sigfús Birgisson, Tryggvi M. Baldvinsson og Daníel Bjarnason. Með þessum hætti skapar píanókeppni EPTA aukinn starfsvettvang fyrir tónskáld á Íslandi og jafnframt byggist upp bókasafn íslenskra píanóverka fyrir framtíðina.

Jól í skókassa.

Í Síðuskóla hefur skapast sú hefð að nemendur í 7. bekk taka þátt í verkefninu Jól í skókassa.
Það er Helga Dögg dönskukennari sem hefur haft umsjón með verkefninu í skólanum í samstarfi við KFUM og KFUK og umsjónarkennara í 7. bekk hverju sinni. Nemendur vinna saman í hópum, byrjað er á því að pakka skókassa inn í jólapappír. Í kassann eru settar gjafir fyrir krakka á ákveðnum aldri og merkt annað hvort strák eða stelpu. Gjöfunum safna nemendur sjálfir ásamt starfsfólki en í kassana fer bæði notað og nýtt dót. Pakkarnir eru sendir til Úkraínu til barna sem búa við slæm skilyrði.

Dagur íslenskrar tungu.

Það hefur löngum þótt skemmtileg íþrótt að botna vísur. Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og hvetja nemendur til að stunda. Í tilefni af *degi íslenskrar tungu* 16. nóvember, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, efnir Menntamálastofnun til vísnasamkeppni grunnskólanema líkt og fjögur síðastliðin ár.
Vonast er til að sem flestir skólar taki þátt í þessu verkefni sem snýst um það að botna fyrriparta. Einnig er óskað eftir teikningum í tengslum við kveðskapinn frá nemendum. Fyrir bestu vísuna á hverju stigi eru veitt bókaverðlaun sem verða afhent í upphafi nýs árs. Á heimasíðu Menntastofnunar má nálgast fyrriparta eftir Helgu Zimsen, tvo fyrir hvorn aldursflokk, hagfræðileiðbeiningar til kennara og margt fleira.
Á safnvef Menntamálastofnunar, Dagur íslenskrar tungu, er fjöldi áhugaverðra verkefna sem nota má í tilefni dagsins. Þar má einnig nálgast efni vísnasamkeppninnar síðustu ára. Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis er fjölbreyttur hugmyndabanki sem kennarar geta nýtt sér og upplýsingar um dagskrá og viðburði víða um land. Þá er einnig vert að benda á fésbókarsíðu *dags íslenskrar tungu* en þar fjallað um viðburði og annað er deginum viðkemur.

Sjá nánar á: http://www.nams.is/i-dagsins-onn/islenska/pistill/?newsid=69e2e81c-83c1-11e5-9b41-0050568632e8

Kiðagil - heimsókn á bókasafn.

Hluti af samstarfi skólastiga er að heimsækja bókasafnið í Giljaskóla en það gerir elsti árgangurinn á síðasta árinu í leikskólanum. Hér má sjá nemendur frá Smára á Kiðagili í heimsókn í Giljaskóla og auðvitað kíktu þau á hænurnar í leiðinni.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 26. nóvember